

## 46. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja

### Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 16. mars 2023 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

#### Viðstaddir:

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar

Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Halldór Pálmar Halldórsson hafði boðað forföll. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

#### Dagskrá fundarins:

##### 1. Síðustu fundir og uppákomur

Forstöðumaður sagði frá síðustu fundum og uppákomum sem hafa verið þónokkrar síðustu mánuði. Bæði innlendir og erlendir skólahópar hafa komið í heimsókn og bókanir vegna vorferða leik- og grunnskóla eru farnar að berast. Fræðsluerindið Farfuglarnir okkar var haldið 16. febrúar en þar fjallaði Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur setursins um rannsóknir sínar á farfuglum. Mjög góð mæting var á fyrirlesturinn. Laugardaginn 11. mars kom franskir sendiherrann á Íslandi í heimsókn í setrið í boði Jörundar Svavarssonar, prófessors, ásamt Sophie Jacob, barnabarnabarni Charcot og fríðu föruneyti. Þar var skrifað undir samstarfsyfirlýsingu við Vínafélag Charcot í Frakklandi og tekið á móti nýjum munum sem fjölskylda Charcot færði sýningunni til varðveislu. Þekkingarsetrið tekur þátt í Safnahelgi á Suðurnesjum 18. og 19. mars með ókeypis aðgangi að sýningum setursins. Næsta fræðsluerindi verður svo 16. maí en þar mun Dr. Ingi Agnarsson, prófessor við HÍ, fjalla um köngulær.

##### 2. Starfsáætlun 2023

Forstöðumaður kynnti starfsáætlun Þekkingarsetursins ársið 2023. Áætlunin var send ráðuneytinu í janúar síðastliðnum og er aðgengileg á vefsíðu setursins.

### 3. Viðhaldsáætlun 2023

Forstöðumaður fór yfir samantekt viðhaldsframkvæmda síðasta árs og kynnti viðhaldsáætlun þessa árs sem felur að mestu í sér endurnýjun á salernum starfsmanna á neðri hæð.

### 4. Gæðastefna þekkingarsetranna

Forstöðumaður sagði frá stöðu mála varðandi vinnu við gæðastefnu þekkingarsetranna. Ákveðið að leitað verði eftir samstarfi við Nýheima á Höfn við gerð ýmissa stefna sem verða hluti af gæðastefnunni.

### 5. Starfsmannahald

Forstöðumaður hefur óskað eftir launalausuleyfi í eitt ár til að sinna öðrum verkefnum. Stjórn mun funda fljótlega til að ákveða næstu skref. Sama sumarstarfsfólk verður við störf í setrinu í sumar og í fyrra.

### 6. Önnur mál

- Ákveðið að ársfundur þekkingarsetursins verði haldinn fimmtudaginn 4. maí kl. 16:00.
- Gengið var frá undirritun tilkynningar um breytinga á stjórn til Fyrirtækjaskrár Skattsins og tengdra skjala.

Fundi var slitið kl. 15:45.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - Sign

---

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

---

Sindri Gíslason - Sign

---

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

---

Nanna Kristjana Traustadóttir - Sign